

STJÓRNARTÍÐINDI B 51 – 1998

19. júní 1998

1057

Nr. 342

REGLUGERÐ

um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands
á loðnuvertíðinni 1998/1999.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða grænlenkra, norskra og færeyskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, á loðnuvertíðinni 1998/1999.

2. gr.

Aðeins þeim skipum sem fengið hafa sérstakt leyfi frá Fiskistofu er heimilt að stunda loðnuveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Skip, sem óska eftir leyfi til loðnuveiða skulu sækja um það til Fiskistofu. Í umsókninni komi fram upplýsingar um nafn skips, skráningarnúmer, kallmerki, stærð í brt., burðargetu og upplýsingar um fjarskiptatæki. Skip sem afsala sér veiðileyfi skulu tilkynna það Fiskistofu, og komi sömu upplýsingar fram og í umsókninni.

3. gr.

Norskum skipum er heimilt að veiða samtals 40.000 lestir í efnahagslögsögu Íslands og er þeim aðeins heimilt að stunda loðnuveiðar í efnahagslögsögu Íslands til 15. febrúar 1999 og norðan við 64°30'N.

Grænlenstum skipum er heimilt að veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands það magn, sem þeim er úthlutað af grænlenstum stjórnvöldum, þó með þeirri takmörkun að eftir 15. febrúar 1999 og sunnan 64°30'N er þeim aðeins heimilt að veiða 23.000 lestir til apríl 1999.

Færeyskum skipum er heimilt að veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands samtals 30.000 lestir á loðnuvertíðinni 1998/1999.

Allar veiðar eru bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands tímabilið 16. ágúst - 30. september 1998. Erlend veiðiskip skulu hlíta þeim verndaraðgerðum sem stjórnvöld og Hafrannsóknastofnunin kunna að grípa til.

4. gr.

Færeyskum, norskum og grænlenstum skipum er heimilt að landa afla sínum í íslenskum höfnum og gilda um vigtun afla sömu reglur og gilda fyrir íslensk skip. Óheimilt er að umskipa afla í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Grænlenstum og færeyskum skipum, sem loðnuveiðar stunda eftir 15. febrúar 1999 er óheimilt að landa loðnuafra utan Íslands nema til bræðslu.

5. gr.

Á tímabilinu 20. júní til 30. nóvember 1998, skulu ekki fleiri en 30 norsk skip hafa leyfi til loðnuveiða. Á tímabilinu 1. desember til 15. febrúar 1999, skulu ekki fleiri en 20 norsk skip hafa leyfi til loðnuveiða.

Ekki skulu fleiri en 7 færeysk skip hafa leyfi til loðnuveiða.

Ekki skulu fleiri loðnuveiðiskip frá hvorri þjóð vera í fiskveiðilandhelgi Íslands, en hafa leyfi til veiða hverju sinni, sbr. þó 11. gr.

Afsali skip sér veiðileyfi, sbr. 2. gr. er Fiskistofu heimilt að gefa út nýtt leyfi í þess stað.

6. gr.

Skip skulu, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands hefjast og á leið út úr fiskveiðilandhelgi Íslands, sigla um einn af eftirfarandi athugunarstöðum:

a) 67°30'N - 10°00'V.

b) 69°15'N - 13°00'V.

c) 68°00'N - 20°00'V.

Athugunarstöðum, sbr. 1. mgr. verður breytt með sérstakri reglugerð, ef þróun veiða gefur tilefni til.

7. gr.

Áður en skip kemur inn í fiskveiðilandhelgi Íslands skal tilkynna Landhelgisgæslunni um fyrirhugaðar veiðar og komutíma í athugunarstað með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara.

Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „komutilkynning“ (entry report).

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð.

Athugunarstaður sem siglt verður um, sbr. 6. gr. og fyrirhugaður komutími á staðinn.

Haldi skip til veiða úr íslenskri höfn skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er í 1. mgr. Þó þarf ekki að tilgreina athugunarstað sbr. síðasta lið.

8. gr.

Skip sem stundar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands skal á hverjum degi á tímabilinu frá kl. 10.00 til 12.00 að íslenskum tíma, senda Landhelgisgæslunni tilkynningu þar sem eftirfarandi kemur fram í þessari röð:

Orðið „aflatilkynning“ (catch report).

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð.

Aflí síðasta sólarhrings eða aflí frá því skipið kom inn í fiskveiðilandhelgi Íslands sé um skemmri tíma að ræða.

9. gr.

Þegar skip lýkur veiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „lokatilkynning“ (exit report).

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð.

Aflí síðan síðasta aflatilkynning var send.

10. gr.

Áður en skip heldur út úr fiskveiðilandhelgi Íslands skal senda Landhelgisgæslunni tilkynningu um það og komutíma í athugunarstað með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „athugunartilkynning“ (control report).

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð.

Athugunarstaður sem siglt verður um, sbr. 6. gr. og fyrirhugaður komutími á staðinn.

Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkynna það Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr. en í stað athugunarstaðar í síðasta lið verði greint frá löndunarhöfn.

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. er skipum sem ekki hafa veiðileyfi sbr. 2. gr. heimil óslitin sigling um fiskveiðilandhelgina, enda tilkynni þau til Landhelgisgæslunnar um komu sína í fiskveiðilandhelgina, eða brottför úr íslenskri höfn, með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „In“.

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar sigling út úr lögsögunni er áætluð.

Á 12 klukkustunda fresti skal síðan senda tilkynningu um staðsetningu skipsins til Landhelgisgæslunnar. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „Staðsetningartilkynning“ (position report).

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími, stefna, hraði og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Þegar skip siglir út úr íslenskri fiskveiðilandhelgi skal það tilkynnt til Landhelgisgæslunnar. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „Out“.

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

12. gr.

Í afladagbók, sem skal vera innbundin, með númeruðum síðum og í tvíriti, skal skipstjóri skrá eftirfarandi upplýsingar: Nafn skips, skráningarnúmer og kallmerki. Fyrir hvert kast skal skrá staðsetningu, dagsetningu og tíma þegar nótinni er kastað og afla í hverju kasti í lestum, áður en nótinni er kastað á ný. Einnig skal skrá heildarafla á sólarhring í fiskveiðilandhelgi Íslands, stærð nótar og möskvastærð. Þá skal skipstjóri undirrita hverja síðu.

Starfsmönnum Landhelgisgæslunnar og Veiðieftirlits Fiskistofu skal sýnd afladagbók sé þess óskað.

13. gr.

Óheimilt er að stunda veiðar með öðrum veiðarfærum en nót.

Möskvastærð í loðnunótum skal vera a.m.k. 19,6 mm ef um ferkantaða möskva er að ræða, en a.m.k. 16 mm ef um sexkantaða möskva er að ræða.

Skipum er óheimilt að hafa um borð loðnunætur með annarri möskvastærð en um getur í 1. mgr. eða veiðarfæri sem ætluð eru til annarra veiða en loðnuveiða.

14. gr.

Skipum ber að fylgja banni ráðuneytisins við veiðum vegna verndunarsjónarmiða og skyndilokunum Hafrannsóknastofnunarinnar, sbr. 8. - 11. gr. 1. nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

15. gr.

Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðum 6. gr., 7. gr. og 10. gr. hafi aðilar gert samkomulag þar um.

16. gr.

Tilkynningar skv. 7. - 10. gr. skal senda á íslensku eða ensku, og skulu tímasetningar vera miðaðar við íslenskan tíma.

Skipum er óheimilt að yfirgefa athugunarstaði fyrir áætlaðan komutíma, sbr. 7. og 10. gr.

Skip sem veiðileyfi hafa skv. reglugerð þessari skulu að öðru leyti fylgja ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

17. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Jafnframt getur Fiskistofa svipt skip leyfi til loðnuveiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð eða áhöfn skips eða aðrir sem í þágu útgerðar starfa, gegn reglugerð þessari.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 19. júní 1998.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Snorri Rúnar Pálmason.

19. júní 1998

Nr. 343

REGLUGERÐ

um loðnuveiðar íslenskra skipa 1998/1999.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða íslenskra skipa á tímabilinu frá og með 20. júní 1998 til 1. maí 1999.

2. gr.

Aðeins skipum, sem aflamark hafa í loðnu, er heimilt að stunda loðnuveiðar. Veiðar umfram aflamark í loðnu varða gjaldtöku samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólöglegs sjávar afla.

Leyfilegur hámarksafli íslenskra loðnuveiðiskipa á loðnuvertíðinni 1998/1999 er 688.200 lestir.

3. gr.

Veiðar eru heimilar í fiskveiðilandhelgi Íslands, Grænlands og Jan Mayen með þeirri takmörkun, að allar loðnuveiðar eru bannaðar tímabilið 16. ágúst - 30. september 1998. Þá er íslenskum skipum aðeins heimilt að stunda loðnuveiðar norðan 64°30'N í lögsögu Grænlands. Í lögsögu Jan Mayen er þeim aðeins heimilt að veiða 35% af leyfilegum heildarafla íslensku skipanna.

4. gr.

Stjórnvöld í Noregi og Grænlandi setja reglur um veiðar í lögsögu landanna. Fiskistofa skal koma upplýsingum þar um til skipa eftir því sem unnt er.

5. gr.

Skipstjóri veiðiskips skal í skeyti tilkynna áætlaðan loðnuafli til veiðieftirlits Fiskistofu, strax þegar skip heldur til lands til löndunar afla. Skal tilgreina í tilkynningu reit þar sem afli er fenginn. Geta skal sérstaklega í aflatilkynningu ef afli er fenginn í lögsögu Grænlands eða Jan Mayen verði það ekki greint á uppgefnum reiti.

Óheimilt er að dæla afla úr nót veiðiskips um borð í flutningaskip eða annað veiðiskip eða flytja óvigtaðan afla milli skipa með öðrum hætti. Fáí loðnuskip það stórt kast, að skipið beri ekki allan þann afla sem er í nótninni er þó heimilt að dæla eftirstöðvum aflans úr nótninni um borð í annað veiðiskip, enda hafi bæði skipin aflamark í loðnu. Ávallt skal loðnuafli skráður sem afli þess skip, sem honum er landað úr.